

## L Ö G

58

23. júní

um

viðauka við lög nr. 75 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

## 1. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Nú greiða bæjar- eða sveitarfélög starfsmönnum sínum hærri dýrtíðar-  
uppbót en greidd er starfsmönnum ríkisins, og skulu þá kennarar, sem starfa  
eftir lögum þessum, njóta jafnhárrar dýrtíðaruppbótar, enda greiðist mismun-  
urinn af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*